

Minnisblað - Bæjarráð 1. mars 2018

Efni: Breytingar á reglum um laun bæjarfulltrúa og nefndarmanna hjá Akureyrarbæ

Lagt er til að eftirtaldar breytingar verði gerðar á reglum Akureyrarbæjar um nefndalaun sem samþykktar voru í bæjaráði 17. mars 2017:

1. Eftirfarandi ákvæði verð bætt við:
Áheyrnarfulltrúar ungmennaráðs 1,5% fyrir setinn fund
2. Eftirfarandi ákvæði verði felld úr gildi:
„Ráðinn ritari bæjarstjórnar fær greidd 4% fyrir hvern fund“.

Lagt er til að sólarlag til starfsloka verði á gildistöku breytingar hjá núverandi forstöðumanni upplýsinga- og þjónustudeildar. Hlutverk ritara bæjarstjórnar er eitt af verkefnum á ábyrgð forstöðumanns upplýsinga- og þjónustudeildar samkvæmt nógildandi starfslýsingu og til að jafnræðis sé gætt milli forstöðumanna er lagt til að fallið verði frá sérstökum viðbótargreiðslum vegna þess verkefnis. Í þeim tilvikum sem sérfræðingur leysir forstöðumann af sem ritari á fundi bæjastjórnar verði greidd yfirvinna eins og fyrir aðra yfirvinnu viðkomandi starfsmanns.

3. Eftirfarandi ákvæði verði felld út:
„Greitt er 8% mótframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð.“

Í stað þess komi nýtt svohljóðandi ákvæði:
Mótframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð er svohljóðandi:
Frá 1. júlí 2016: 8,5%
Frá 1. júlí 2017: 10,0%
Frá 1. júlí 2018 11,5%

Ofangreind tillaga að að breytingum tekur mið af kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins við viðsemjendur árið 2016. Samstaða var við gerð kjarasamninga árið 2016 milli samningsaðila um samræmingu lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Mótframlag vegna nefndalauna hjá Akureyrarbæ hefur tekið mið af lágmarksframlagi samkvæmt lögum og samningum almenna markaðarins, en hefur ekki tekið mið af ákvæðum kjarasamninga opinberra starfsmanna. Með þessum áfangahækkunum verður mótframlag vegna nefndalauna það sama og á almenna markaðnum til 1. júlí 2018 en frá þeim tíma verður mótframlag samkvæmt kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðsemjendur sína, það sama eða 11,5%.

26. febrúar 2018
Halla Margrét Tryggvadóttir
Sviðsstjóri stjórnslusviðs